

REGLUR

um tilnefningu fulltrúa nemenda í námsstyrkjanefnd.

1. gr.

Stjórnir Landssambands íslenzkra menntaskólanema (LÍM) og Samtaka íslenzkra kennaranema (SÍKN) skulu tilnefna einn fulltrúa af sinni hálfu sameiginlega í námsstyrkjanefnd þá, sem fjallað er um í 3. gr. laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

2. gr.

Ef fleiri nemendasamtök verða mynduð, sem aðild geta átt að tilnefningu skv. lögnum öðlast þau einnig rétt til aðildar að tilnefningu næsta ár.

3. gr.

Skipun fulltrúa nemenda í námsstyrkjanefnd gildir til eins árs í senn.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn, unz öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. september 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

um félagsheimilið Festi, Grindavík.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Festi í Grindavíkurbreppi, Gullbringusýslu.

Lóðin er nr. 58 við Víkurbraut, og er leigð af Grindavíkurbreppi án endurgjalds. Lóðin er 14 000 fermetrar að stærð.

2. gr.

Eigendur félagsheimilisins eru: Grindavíkurbreppur, Kvenfélag Grindavíkur, Ungmennafélag Grindavíkur og Verkalýðsfélag Grindavíkur.

3. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: einn fulltrúi frá hverju eigendafélagi og einn fulltrúi kosinn á aðalfundi félagsins á meðan tala eigendafélaga er jöfn. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

4. gr.

Húsnefnd heldur fund einu sinni í mánuði og oftast ef þörf krefur. Skytt er henni að halda fund, ef $\frac{2}{5}$ nefndarmanna æskja.

Á aðalfundi félagsins samkvæmt 9. gr. félagslaga, skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning viðvikjandi rekstri sínum, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir reksturinn á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna.

Fulltrúar eigendafélaga skýra frá því á aðalfundi, hverjir hafa verið kosnir af hverju eigendafélagi til að taka sæti í húsnefnd næsta ár.

Aðalfundur kýs síðan oddamann, ef með þarf, sbr. 3. gr.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

5. gr.

Hlutverk húsnefndar er að ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt. Hún skal hafa eftirlit með rekstri félagsheimilisins og sjá um að viðhald húss og búnaðar ásamt lóð, sé jafnan í góðu lagi.

Húsnefnd skal semja gjaldskrá fyrir afnot af húsinu og sjá til þess að tekjur hrökkvi fyrir rekstrargjöldum, en hagnaði skal aðalfundur sameignarfélagsins ráðstafa.

6. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins, en þó skulu þeir hafa forgangsrétt á einum ákveðnum degi árlega (t. d. 1. maí og sjómannadegi). Gamlárskvöld hefur húsið sjálft.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef framkvæmdastjóri er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, og opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála hana. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum lit og hlutföllum, enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem lög um notkun íslenzka fánans segja til.

11. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga

(utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, gólf í samkomusal og svo frv.

Auk hinnar árlegu athugunar og viðgerðar sé þess gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

12. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda. Svifta skal þá, sem hafa í frammi óspektir og uppivöðslu-hátt á samkomu, aðgangi að félagsheimilinu um ákveðinn tiltekinn tíma.

13. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107 28. október 1970 um félagsheimili og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. september 1972.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Þórður Einarsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir V.-Skaftafellssýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

ÁKVÆÐI, ER TAKA TIL KAUPTÚNA OG SVEITA

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega upphot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá er fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.